

Leiguskilmálar

1. Hið leigða ásamt fylgihlutum hefur leigusali afhent leigutaka í fullkomnu lagi, sem leigutaki hefur kynnt sér. Leigutaki hefur einnig kynnt sér notkun og meðferð hins leigða.
2. Leigutaki skal sjá um allan rekstur hins leigða á meðan á leigutíma stendur, svo sem smurningu, smurolíu, eldsneyti, þrif o.fl. Skylt er að losa vatn af tækjum, ef við á, til að forðast frostsKemmdir.
3. Leigutaki er ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða á hinu leigða og fylgihlutum þess vegna ógætilegrar og/eða rangrar notkunar.
4. Leigutaki ber fulla ábyrgð ef hið leigða tapast eða því er stolið úr vörslu hans. Leigutaka ber að greiða að fullu andvirði hins leigða, auk leigu til þess tíma að uppgjör hefur farið fram.
5. Leigusali er á engan hátt ábyrgur vegna slysa eða skemmda er kunna að orsakast af notkun, meðferð eða flutningi á tækjum og efni er hann leigir út. Sama gildir um vinnustöðvun sem orsakast vegna bilunar á hinu leigða og allt annað afleitt tjón sem kann að verða.
6. Leigugjald reiknast frá þeim degi sem leigusamningur er undirritaður og þar til hinu leigða er skilað til leigusala.
7. Ef um langtímaleigu er að ræða, getur leigusali krafist greiðslu mánaðarlega samkvæmt reikningi. Ef reikningur er ekki greiddur 20 dögum eftir úttektarmánuð reiknast dráttarvextir skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga til greiðsludags.
8. Leiguverð getur breyst samkvæmt gjaldskrá á útleigutímabilinu. Leigusali áskilur sér rétt til að reikna leigu samkvæmt nýrri gjaldskrá er hún hefur tekið gildi.
9. Leigutaka er óheimilt að lána eða framleigja hið leigða nema með skriflegu samþykki leigusala.
10. Leigusali hefur, hvenær sem er á leigutímanum, rétt til þess að skoða ástand hins leigða.
11. Ef leigutaki stendur ekki skil á leigugreiðslum eða brýtur í bága við leigusamning þennan, getur leigusali sótt hið leigða til leigutaka en er það ekki skylt. Leigutaka er skylt að afhenda hið leigða þegar í stað, krefjist leigusali þess, eins þótt ágreiningur sé milli aðila. Leigusali getur fengið til liðs við sig viðkomandi sýslumann eða lögreglu. Leigutaki ber allan kostnað af þessum aðgerðum.
12. Leigusali fer fram á það við leigutaka að hann sé viðstaddur tiltekt og talningu á hinu leigða bæði við útleigu og skil. Kjósi leigutaki að vera ekki viðstaddur, fyrirgerir hann rétti sínum á að gera athugasemdir við talningu og/eða úttekt leigusala.
13. Komi í ljós við uppgjör á leigusamningi að hinu leigða hafi ekki að fullu verið skilað er leigusala heimilt að gjaldfæra á leigutaka það sem uppá vantar. Finnist hið týnda/tapaða er leigutaka hins vegar heimilt að skila því til leigusala og fá endurgreiðslu en jafnframt getur leigusali gjaldfært leigu fyrir það tímabil.
14. **HINU LEIGÐA SKAL SKILA HREINU, AÐ ÖÐRUM KOSTI ER GJALDFÆRT ÞRIFAGJALD** 15. Leigutaki hefur kynnt sér leiguskilmálana og samþykkir þá með undirskrift sinni.

Undirritað:

.....

Dagsetning:

.....